

# Drög að tillögu að Samgönguáætlun 2019-2033

STEFNA Í SAMGÖNGUMÁLUM

# Drög að tillögu til þingsályktunar

## um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

(Lögð fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi 2018–2019.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að fram til ársins 2033 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

- stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
- skilgreiningu á grunneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
- áætlun um fjáröflun til samgöngumála,
- yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds, öryggismála og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála. Fjárhæðir eru á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2019 í milljónum króna.

**Áætlun þessi tekur mið af og er hluti af heilstæðri samþættri stefnu í samgöngumálum, fjarskiptamálum, byggðamálum og málefnum sveitarstjórna og gerð í samræmi við samþykktar áætlanir á vegum Alþingis og ríkisstjórna.**

### 1. STEFNUMÓTUN

*Ísland verði í fararbroddi með innviði, framsækna þjónustu, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og jöfn tækifæri landsmanna. Besta tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.*

#### Áherslur ríkisstjórnar og ráðherra

Eftirfarandi áherslur ríkisstjórnar og ráðherra skulu lagðar til grundvallar fyrir samgönguáætlun:

- Við forgangsstöðun í vegamálum verði sérstaklega litið til ólíkrar stöðu svæða, ferðaþjónustu og öryggissjónarmiða.
- Hraðað verði uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum hvorutveggja nýframkvæmdum og viðhaldi.
- Áfram verði almenningssamgöngur byggðar upp um allt land og stutt við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Unnið verði að því að gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðarinnar.
- Auka skal möguleika gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli.

- Stuðlað verði að samþættingu samgöngukerfisins sem heildar með það að markmiði að það þjóni íbúum landsins, ferðamönnum og atvinnulífi með skilvirkum hætti.
- Móta skal tillögur að flugstefnu og siglingastefnu sem verði hluti af samgönguáætlun..
- Huga skal að möguleikum til þess að opna fleiri hlið inn til landsins og fjölga þannig þeim svæðum sem geta notið góðs af ferðaþjónustu.
- Þróa skal árangursmælikvarða sem gefi glöggva mynd af stöðu samgöngukerfisins á hverjum tíma.
- Beitt verði viðurkenndri aðferðafræði við mat á valkostum og forgangsöröðun verkefna. Nýta tækifæri sem felast í formföstum vinnubrögðum við mat, undirbúningu og skipulagningu stærri framkvæmdir.
- Loks skal gæta vel að samhljómi í áherslum við aðrar opinberar áætlanir, sérstaklega þær sem varða byggðamál, ferðaþjónustu og umhverfismál, og samþykktum áætlunum þar að lútandi, einkum um loftlagsmál.

Unnið skal í samræmi við þau fimm meginmarkmið sem tilgreind eru í lögum þ.e. að samgöngur skuli vera öruggar, greiðar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og styðji við jákvæða byggðarþróun með betri búsetugæðum.

### 1.1 Markmið um greiðar samgöngur.

Stefnt skal að því að samgöngukerfi landsins myndi eina heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best. Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði aukið og hreyfanleiki bættur.

Búsetugæði verði aukið með því að bæta samgöngur innan skilgreindra vinnusóknarsvæða og stækka þau þar sem hægt er.

Uppbygging og rekstur samgangna stuðli að eflingu atvinnulífs innan og milli landshluta.

Gáttir landsins verði skilgreindar og styrktar.

Samgöngukerfið verði lagað að hröðum vexti ferðaþjónustu, m.a. vegna markmiða um dreifingu ferðamanna um landið.

*Áherslur til að ná þessum markmiðum:*

- a. Almennar áherslur
  1. Leitast verði að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma.
  2. Þjónusta í grunnnetinu verði bætt.
  3. Upplýsingatæknilausnir verði ávallt í þróun og nýttar til bæta þjónustu kerfisins.
- b. Grunnnet samgangna
  1. Lokið verði við endurbyggingu allra helstu stofnleiða og tengingu þeirra með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli við þéttbýli með fleiri en 100 íbúa.
  2. Gert verði sérstakt átak við lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.
  3. Hugað verði sérstaklega að þörfum ferðaþjónustu við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.
  4. Flutningaleiðir á landi verði skilgreindar með áherslu á nægjanlegt burðarþol allt árið, næga breidd, bundið slitlag og aukið öryggi. Fyrir þennan hluta grunnkerfisins verði sett

markmið um hraða uppbyggingu vega til að þjóna atvinnulífinu með viðunandi hætti auk þess að stuðla að auknu umferðaröryggi.

5. Stutt verði við viðhald hafna og tillit tekið til atvinnuuppbyggingar nærsamfélags við endurbætur á höfnum.
  6. Huga þarf að sjóvörnum með hliðsjón af hækkandi sjávarborði vegna loftslagsbreytinga.
  7. Aðgengi fatlaðs fólks að mannvirkjum og þjónustu samgöngukerfisins verði eins og best verður á kosið.
  8. Áfram verði unnið að auknum forgangi almenningssamgangna í umferðinni með gerð sérreina, forgangi á umferðarljósum og öðrum aðgerðum.
  9. Unnið verði að þróun stofnvegakerfis höfuðborgarsvæðisins til að auka öryggi og bæta umferðarflæði.
  10. Viðhald stofnvega á hálendi og endurbætur á þeim beinist að því að auka greiðfærni og öryggi og koma í veg fyrir akstur utan vega.
  11. Uppbygging og viðhald innviða og búnaðar innanlandsflugvalla verði tryggt.
- c. Almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi; Fjölbreyttir ferðamátar
1. Skipulag almenningssamgangna miðist við samþætta þjónustu á landi, lofti og legi. Gætt verði jafnræðis í stuðningi ríkisins við þjónustuaðila.
  2. Stuðlað verði að því að upplýsingar um allar almenningssamgöngur verði aðgengilegar og bókanlegar á sameiginlegri þjónustugátt.
  3. Hreyfanleiki og aðgengi íbúa verði aukið með því að styðja við almenningssamgöngur milli helstu þéttbýlisstaða.
  4. Efla skal innanlandsflug sem tryggir aðgengi landsbyggðarinnar að nauðsynlegri grunnþjónustu.
  5. Miða skal við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt á meðan annar jafngóður eða betri kostur er ekki fyrir hendi.
  6. Leitast verði við að gera hjólreiðar og göngu að greiðum og öruggum ferðamáta.
  7. Lög og reglugerðir um hjólandi og gangandi vegfarendur verði skoðuð sérstaklega, með öryggi að leiðarljósi
  8. Lokið verði skilgreiningum á grunnneti hjólreiðastíga.
- d. Gáttir
1. Miða skal við að áfram verði tveir alþjóðaflugvellir á suðvesturhorni landsins sem geta svarað eftirspurn á hverjum tíma, tryggt öryggi og samkeppnishæfni landsins.
  2. Aðrir alþjóðlegir flugvellir opni nýjar gáttir inn í landið og uppfylli settar öryggiskröfur á hverjum tíma.
  3. Áfram verði unnið að fjölgun opinna og gagnkvæmra loftferðasamninga.
  4. Rannsóknir sem varða hafnir og siglingaleiðir verði eflidar.
  5. Samgönguyfirvöld fylgist áfram náið með þróun á þjóðhagslegri hagkvæmni land-, loft- og strandflutninga. Áfram verði leitast við að færa sem mest af flutningum á sjó.
- e. Tækniþróun
1. Samgönguyfirvöld fylgist með tækniþróun og innleiðingu tæknilausna í samanburðarlöndum okkar, taki þátt í mótun þeirra og stuðli að innleiðingu þegar þær verða hagkvæmar.
  2. Farnettssamband verði tryggt á þjóðvegum, fjölsóttum ferðamannastöðum og við stendur landsins.

3. Innviðir þ.m.t. fjarskiptanet styðji nýtingu upplýsingatækni m.a. við umferðarstjórnun, miðlun upplýsinga um aðstæður, innheimtu notenda- og veggjalda, samskipti milli ökutækja og við innviði, þ.e. V<sub>2</sub>V og V<sub>2</sub>I o.fl.
4. Farið verði í skoðun á lagaumhverfi og innviðum með tilliti til sjálfvirknivæðingar farartækja þar meðtalin flygildi.

## 1.2 Markmið um öruggar samgöngur.

Stefna stjórnvalda er að hámarka öryggi og vernda mannlíf og er lögð til grundvallar öllum ákvörðunum og aðgerðum í samgöngumálum. Markvisst verði unnið að því að hámarka öryggi í öllum samgöngum. Markmið allra aðgerða er að fækka alvarlegum slysum og bana-slysum og standa jafnfætis þeim ríkjum er fremst standa í öryggismálum.

*Helstu áherslur til grundvallar markmiðum um öruggar samgöngur:*

- a. Almennar áherslur um öryggi
  1. Stefnt verði markvisst að því að auka öryggi í samgöngum og unnið að því að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum og banaslysum í öllum samgöngugreinum.
  2. Unnið verði eftir samræmdum öryggisáætlunum allra samgöngugreina og gerðar aðgerðaáætlanir til 5 ára í senn í því skyni á öllum sviðum samgangna með mælanlegum markmiðum og árangursmælikvörðum.
  3. Fyrir liggja mat á öryggishlutverki vega, flugvalla og hafna, m.a. með tilliti til ófyrirséðra atburða svo sem náttúruhamfara.
  4. Í gildi verði öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja á öllum sviðum samgangna og þeim viðhaldið.
  5. Nýjustu tækni verði beitt til að bæta rauntímaupplýsingar um veður, sjólag og færð eða aðrar hættur sem kunna að steðja að veg- og sjófarendum. Áhersla verði á miðlun rauntímaupplýsinga og viðvarana til vegfarenda um veður og aðstæður á vegum.
- b. Eftirlit og úttektir
  1. Tryggðar verði réttar skráningar farartækja og að skírteini stjórnenda séu í samræmi við gildandi reglur og alþjóðlegar skuldbindingar.
  2. Eftirlit með samgöngumannvirkjum og rekstri þeirra sé samkvæmt lögum, reglum og alþjóðlegum skuldbindingum.
  3. Starfsemi þeirra er veita leiðsögu í flugi, siglingum og umferð sé undir eftirliti og í samræmi við alþjóðlegar kröfur.
  4. Fylgst sé með atvikum í flugi, siglingum og umferð með það fyrir augum að safna þekkingu og hún nýtt til þess að fækka alvarlegum atvikum og slysum.
  5. Trúverðugleiki Íslands sé tryggður með því að landið standist allar úttektir alþjóðlegra stofnana á öryggi í samgöngum.
- c. Áherslur öryggisáætlana
 

Tilgangur öryggisáætlana er að fækka slysum í öllum samgöngugeirum.

1. Áherslur til grundvallar flugöryggisáætlunar:
  - a. Áfram skal staðið vel að innleiðingu og uppfyllingu nýrra krafna um flugvernd og flugöryggi.
  - b. Að Ísland verði í hópi þeirra fimm Evrópuþjóða þar sem fæst flugslys verða m.v. flugtíma og fjölda hreyfinga.
  - c. Að flugslysum og alvarlegum flugatvikum fækki um 5% á ári
2. Áherslur um siglingaöryggisáætlunar og öryggis sjófarenda:
  - a. Að treysta og auka öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega þannig að enginn látist í sjóslysum, eða hið minnsta verði fjöldi látinna í sjóslysum ekki fleiri en einn á ári að jafnaði á tímabilinu.
  - b. Að slösuðum sjómönnum fækki um 5% á hverju ári áætlunarinnar.
  - c. Ísland standist ávallt úttektir og uppfylli kröfur alþjóðasamninga um siglingar
3. Markmið umferðaröryggisáætlunar eru eftirfarandi:
  - a. Að öllum vegfarendum verði tryggt öruggt og heilnæmt umhverfi, óháð ferðamáta.
  - b. Að Ísland verði meðal 5 bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni á hverja 100 þúsund íbúa.
  - c. Að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra lækki að jafnaði um 5% á ári.
  - d. Að fækka slysum með fræðslu, áróðri, endurbótum á samgöngukerfi og virku, sýnilegu eftirliti og með hraðamyndavélum.

### 1.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur.

Stefnt skal að því að auka hagkvæmni í samgöngum fyrir notendur. Staðið skal að framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu með skilvirkum hætti og fjármunir nýttir með eins hagkvæmum hætti og unnt er.

*Áherslur til að ná þessum markmiðum:*

- a. Almennar áherslur um hagkvæmni:
  1. Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins verði augin með því að leita hagkvæmustu lausna til að ná markmiðum samgönguyfirvalda.
  2. Verðlagning á samgöngum verði gagnsæ og endurspeglir þann kostnað sem þeim fylgir.
  3. Litið verði á samgöngukerfið sem eina heild. Nýir innviðir verði skipulagðir og þeim forgangsraðað með hliðsjón af niðurstöðum faglegra greininga.
  4. Litið verði á almenningssamgöngur á sjó, landi og lofti sem samofna heild þar sem styrkleikar mismunandi samgöngumáta nýtist við að ná fram hagkvæmustu og skilvirkustu þjónustu við almenning og atvinnulíf.
- b. Gagnaöflun, forgangsröðun og ákvarðanatáka
  1. Til að nýta fjármuni á sem skilvirkastan hátt verði beitt viðurkenndum greiningar- og matsaðferðum við forgangsröðun.
  2. Gagnsæi í gjaldtöku og samgöngukostnaði ríkisins verði aukið og upplýsingasöfnun og miðlun á haggögnum um samgöngur verði bætt.

3. Áfram verði unnið að greiningu og rannsóknum með það að markmiði að aðkoma ríkisins í útgjöldum og skattlagningu stuðli að auknu jafnræði milli flutningsmáta.
- c. Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla
1. Upplýsingatækni og nýjar tæknilausnir verði innleiddar með hagkvæmni að leiðarljósi.
  2. Aukin verði áhersla á rafræna stjórnsýslu og sjálfsafgreiðslu í þjónustu, svo sem „mínar síður“, til hagsbóta fyrir notendur.
  3. Fjarskiptakerfi í eigu og rekstri opinberra aðila verði kortlögð með hagkvæmni í rekstri og þjónustu að leiðarljósi.
  4. Aukið verði aðgengi að gögnum í eigu opinberra aðila og einkaaðila sem stuðlað geta að bættum samgöngum.
- d. Hagkvæmir ferðamátar og álagudreifing
1. Áfram verði unnið að greiningu og tillögum að hliðrun á opnunartíma stórra opinberra stofnana sem dragi úr álagstoppum í morgunumferð og lengi fleytitíð.
  2. Stutt verði við aðgerðir sem fjölga valkostum um ferðamáta.
- e. Fjármögnun framkvæmda
1. Skoðaðar verði fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar stórra framkvæmda, m.a. í samstarfi við einkaaðila og með innheimtu veggjalda.
  2. Kannaðar verði leiðir að breyttu fyrirkomulagi gjaldtöku vegna notkunar á vegum þannig að hún endurspegli að hluta til ekna vegalengd, óháð orkugjafa. Gjöldin taki mið af álagi og umhverfisáhrifum sem ökutækið veldur.

#### **1.4 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.**

Stefnt skal að því að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar. Stefnt skal að því að draga úr hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum umhverfisáhrifum samgangna.

*Áherslur til að ná þessum markmiðum:*

- a. Almennar áherslur:
1. Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.
  2. Að við hönnun mannvirkja sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða
  3. Að leita leiða til að draga úr mengun og draga úr hættu á mengunarslysum frá samgöngum.
- b. Loftslagsbreytingar, hagrænir hvatar, aðlögun og rannsóknir
1. Áhersla verði lögð á fræðslu, hagræna hvata og skipulagsaðgerðir sem stuðli að breyttum ferðavenjum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
  2. Skipulag og forgangs röðun samgangna í þéttbýli taki mið af umhverfis- og lýðheilsuþætandi aðgerðum.
  3. Opinberar stofnanir verði hvattar til að innleiða vistvæna samgöngustefnu sem stuðli að orkusparnaði og orkuskiptum og verði öðrum til fyrirmyndar.

4. Kortlagðir verði helstu veikleikar samgöngukerfisins vegna vaxandi afleiðinga gróðurhúsaáhrifa á samgöngur, þ.m.t. hækkandi sjávarstöðu, hopandi jökla og breytinga í veðurfari
  5. Unnið verði að áætlun um orkuskipti í ferjum í samræmi við aðgerðaáætlun í loftlagsmálum.
- c. Vistvænar samgöngur
1. Skipulag og forgangsröðun samgangna í þéttbýli taki mið af umhverfis- og lýðheilsuþættum aðgerðum.
  2. Stuðningi við uppbyggingu og rekstur almenningssamgöngukerfis á landsvísu verði haldið áfram.
  3. Mótuð verði stefna um hönnun vega á hálendi.
- d. Orkunýting og mengun
1. Innleitt verði umhverfisvænt verklag um grænt aðflug og brottflug og vottun á umhverfistjórnunarkerfi flugvalla.
  2. Tengingar og flæði bifreiða milli umferðarljósa á álagstímum verði bætt til þess að draga úr mengun á fjölförnum leiðum.
  3. Auknar verði rannsóknir á umhverfisvænum orkugjöfum, orkusparnaði og aðgerðum til að draga úr mengun í samgöngum.
  4. Leitað verði leiða til að bæta staðbundin loftgæði og hljóðvist við þjóðvegi í þéttbýli.
  5. Fræðsla um vistakstur verði aukin svo megi draga úr mengun og hávaða frá bílaumferð.

### 1.5 Markmið um jákvæða byggðaðróun.

Stefnt skal að því að auka búsetugæði um land allt með bættum samgöngum og stuðla að þeim grunni sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem betri aðgang að þjónustu.

*Áherslur til að ná þessum markmiðum:*

- a. Almenn
  1. Við forgangsröðun framkvæmda verði tekið tillit til sóknaráætlana landshlutasamtaka sveitarfélaga.
  2. Vinna skal að styttingu ferðatíma innan skóla- og vinnusóknarsvæða.
  3. Framkvæmdir og þjónusta miði að því að auka öryggi og stækka skóla- og vinnusóknarsvæði.
- b. Flutningar og ferðaþjónusta
  1. Atvinnulífi verði skapað aðgengi að greiðum og hagkvæmum vöruflutningum.
  2. Unnið verði að styttingu flutningaleiða.
  3. Unnið verði að því að nýta fleiri gáttir til og frá landinu.
  4. Leitað verði leiða til að styrkja stöðu innanlandsflugs. .
  5. Skilgreindar verði ferðamannaleiðir að fjölsóttum ferðamannastöðum og sú samgönguþjónusta sem þarf að vera fyrir hendi.
  6. Stefna verði mótuð um veg- og fræðsluskilti og bætтар merkingar.



## 2. GRUNNETIÐ

### 2.1 Skilgreining

Grunnet vegakerfisins eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga: „Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvalla og hafna sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.“

Til grunnnetsins teljast einnig allir áætlunarflugvellir, helstu flugleiðir og helstu hafnir, ferju- og siglingaleiðir með fram ströndinni og inn á hafnir. Á sama hátt teljast siglingaleiðir og flugleiðir til og frá landinu til grunnnets samgöngukerfisins.

### Flug

Flugvellir í grunnneti skulu vera:

Keflavík	Grímsey
Reykjavík	Húsavík
Bíldudalur	Vopnafjörður
Ísafjörður	Þórshöfn
Gjögur	Egilsstaðir
Akureyri	Höfn í Hornafirði
	Vestmannaeyjar

### Hafnir

Hafnir í grunnneti skulu vera:

Faxaflóahafnir	Hafnasamlag Norðurlands
<i>Reykjavíkurhöfn</i>	<i>Hríseyjarhöfn (ferjuleið)</i>
<i>Grundartangahöfn</i>	<i>Akureyrarhöfn</i>
<i>Akraneshöfn</i>	<i>Grímseyjarhöfn (ferjuleið)</i>
Snæfellsbæjarhafnir	Húsavíkurhöfn
<i>Rifshöfn</i>	Þórshafnarhöfn
<i>Ólafsvíkurhöfn</i>	Vopnafjarðarhöfn
Grundarfjarðarhöfn	Seyðisfjarðarhöfn (ferjuleið til Evrópu)
Stykkishólmshöfn (ferjuleið)	Hafnir Fjarðabyggðar
Vesturbyggðarhafnir	<i>Norðfjarðarhöfn</i>
<i>Brjánslækjarhöfn (ferjuleið)</i>	<i>Eskifjarðarhöfn</i>
<i>Bíldudalshöfn</i>	<i>Reyðarfjarðar- /Mjóeyrarhöfn</i>
Bolungarvíkurhöfn	<i>Fáskrúðsfjarðarhöfn</i>
Ísafjarðarhöfn	Djúpavogshöfn
Skagastrandarhöfn	Hornafjarðarhöfn
Sauðárkrókshöfn	Vestmannaeyjahöfn (ferjuleið)
Siglufjarðarhöfn	Landeyjahöfn (ferjuleið)
Hafnir Dalvíkurbyggðar	Þorlákshöfn (ferjuleið)
<i>Dalvíkurhöfn (ferjuleið)</i>	Grindavíkurhöfn
<i>Árskógssandshöfn (ferjuleið)</i>	Sandgerðishöfn
	Reykjaneshöfn
	Hafnarfjarðarhöfn

### Vegir

Vegir í grunnneti skulu vera:

*Stofnvegir:*

1	Hringvegur	98	Djúpavogsvegur
22	Dalavegur	99	Hafnarvegur
26	Sprengisandsleið Þjórsárdalsvegur–Fjallabaksleið nyrðri	205	Klausturvegur Hringvegur–Skaftárvellir
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	208	Skaftártunguvegur Hringvegur–Búlandsvegur
31	Skálholtsvegur	254	Landeyjahafnarvegur
32	Þjórsárdalsvegur	261	Fljótshlíðarvegur Hringvegur–Öldubakki
33	Gaulverjabæjarvegur	343	Álfsstétt Eyrarbakavegur–Túngata (eystri endi)
34	Eyrarbakavegur	355	Reykjavegur
35	Biskupstungnabraut	359	Bræðratunguvegur
36	Pingvallavegur	365	Lyngdalsheiðarvegur
37	Laugarvatnsvegur	376	Breiðamörk Hringvegur–Sunnumörk
38	Þorlákshafnarvegur	379	Hafnarvegur Þorlákshöfn
39	Þrengslavegur	409	Fossvogsbraut
40	Hafnarfjarðarvegur	411	Arnarnesvegur
41	Reykjanesbraut	413	Breiðholtsbraut
43	Grindavíkurvegur	414	Flugvallarvegur Reykjavík
44	Hafnavegur	415	Álftanesvegur
45	Garðskagavegur Reykjanesbraut–Sandgerðisvegur	418	Bústaðavegur
47	Hvalfjarðarvegur	421	Vogavegur
49	Nesbraut	423	Miðnesheiðarvegur
50	Borgarfjarðarbraut	424	Keflavíkurvegur
51	Akrafjallsvegur	427	Suðurstrandarvegur
54	Snæfellsnesvegur	429	Sandgerðisvegur
56	Vatnaleið	450	Sundabraut
58	Stykkishólmsvegur	453	Sundagarðar
60	Vestfjarðavegur	454	Holtavegur
61	Djúpvegur	458	Brautarholtsvegur Hringvegur–Hofsgrund
62	Barðastrandarvegur	470	Fjarðarbraut
63	Bíldudalsvegur	506	Grundartangavegur
64	Flateyrarvegur	509	Akranesvegur
65	Súgandafjarðarvegur Vestfjarðavegur–Sætún	511	Hvanneyrarvegur
67	Hólmavíkurvegur	518	Hálsasveitarvegur
68	Innstrandavegur	573	Rífshafnarvegur
72	Hvammstangavegur	574	Útnesvegur Hellissandur–Snæfellsnesvegur
74	Skagastrandarvegur	606	Karlseyjarvegur Reykholasveitarvegur–Hellis- braut
75	Sauðárkróksbraut	607	Reykholasveitarvegur Vestfjarðavegur–Karlseyjarvegur
76	Siglufjarðarvegur	617	Tálknafjarðarvegur Bíldudalsvegur–Strandgata 2
77	Hofsósbraut Siglufjarðarvegur–Lindargata	619	Ketildalavegur Bíldudalsvegur–Langahlíð
82	Ólafsfjarðarvegur Hringvegur–Hornbrekka	622	Svalvogavegur Vestfjarðavegur–Flugvallarvegur
83	Grenivíkurvegur	623	Flugvallarvegur Þingeyri
85	Norðausturvegur	631	Flugvallarvegur Ísafirði
87	Kísilvegur		
92	Norðfjarðarvegur		
93	Seyðisfjarðarvegur		
94	Borgarfjarðarvegur		
96	Suðurfjarðavegur		
97	Breiðdalsvíkurvegur Hringvegur–Sæberg		

- 636 Hafnarvegur Ísafirði  
 731 Svínvetningabraut  
     Kjalvegur–Hringvegur  
 744 Þverárfjallsvegur  
 749 Flugvallarvegur Sauðárkróki  
 767 Hólavegur  
     Siglufjarðarvegur–Hólar  
 792 Hafnarvegur Siglufirði  
 801 Hafnarvegur Hrísey  
 808 Árskógssandsvegur  
 809 Hauganesvegur  
     Ólafsfjarðarvegur–Lyngholt  
 810 Hafnarvegur Dalvík  
 819 Hafnarvegur Akureyri  
 820 Flugvallarvegur Akureyri  
 821 Eyjafjarðarbraut vestri  
     Hringvegur–Miðbraut  
 823 Miðbraut  
 829 Eyjafjarðarbraut eystri  
     Hringvegur–Miðbraut  
 830 Svalbarðseyrarvegur  
     Hringvegur–Laugartún  
 842 Bárðardalsvegur vestri  
 845 Aðaldalsvegur  
 859 Hafnarvegur Húsavík  
 869 Langanesvegur  
     Norðausturvegur–Flugvallar-  
     vegur  
 870 Sléttuvegur  
     Norðausturvegur–Kópaskers-  
     vegur  
 870 Kópaskersvegur  
 871 Flugvallarvegur Þórshöfn  
 874 Raufarhafnarvegur  
     Norðausturvegur–Höfðabraut  
 917 Hlíðarvegur  
 918 Hafnarvegur Vopnafirði  
 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum  
 952 Hánefstaðavegur  
     Seyðisfjarðarvegur á Fjarðar-  
     öldu–Seyðisfjarðarvegur við  
     Ferjubryggju  
 955 Vattarnesvegur  
     Ytri vegamót Skólavegar–Suður-  
     fjarðarvegur Fáskrúðsfirði  
 982 Flugvallarvegur Hornafirði  
 5033 Hagamelsvegur  
     Hringvegur–Lækjarmelur  
 5240 Bifrastarvegur  
 9572 Mjóeyrarvegur

*Stofnvegir um hálendi:*

- F26 Sprengisandsleið  
 35 Kjalvegur  
 F208 Fjallabaksleið nyrðri (hluti nr. 208)

*Ferjuleiðir og eftirtaldar hafnir eru hluti af grunnnetinu:*

Vestmannaeyjar-Landeyjahöfn/Þorlákshöfn,  
Hrísey-Árskógsströnd,  
Grímsey-Dalvík,  
Stykkishólmur-Brjánslækur.

